

Fundargerð 11. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 17. febrúar 2016

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir ritari, Elsa María Guðmundsdóttir (á skype), Ingibjörg Kristinsdóttir, Pétur Einarsson, Ragnar Marteinsson, Eva Hannesdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari og Emil Örn Harðarson mótastjóri.

Í leyfi: Jónas Tryggvason og Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri,

Afboða, mæta ekki: Richard Kristinsson.

Fundur settur kl. 18:05

1. Fundargerðir

- a. Verkefnafundur nr. 15 dags. 14/1'16
Staðfest
- b. DMT nr. 57 dags 25/1'16
Staðfest

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Bryndís Bolladóttir	Sf. Óðinn	Sf. Ægir	13.02.2016	12.03.2016

3. Staðfesting meta

25 metra laug

Stúlkna	Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
	Engin met sem þarfnast staðfestingar					

4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi

5. AMÍ

- a. Skýrsla nefndar um AMÍ
Stjórn þakkar AMÍ nefnd fyrir góða vinnu og skýrar tillögur
- b. Tillaga um reglugerð
Reglugerð rædd og samþykkt. Verður birt 18.febrúar 2016
- c. Lágörk
Lágörk rædd og samþykkt. Verða birt með reglugerð.

6. Grunnskólamót í sundi

- a. Verður haldið í Laugardalslaug 8.mars 2016 kl. 10:00 – 12:00
- b. Framkvæmd í höndum framkvæmdastjóra og mótastjóra, ásamt landsliðsþjálfara og Klaus Jürgen-Ohk

7. Sundkennsla í Reykjavík

- a. Eftirfarandi ályktun lögð fram.
 - i. Stjórn SSÍ lýsir sig mjög andvíga þeim breytingum á sundkennslu í Reykjavík, sem kynntar hafa verið. Stjórn SSÍ hefur lengi varað við þeirri þróun sem skólayfirvöld í Reykjavík hafa farið fyrir og hefur miðað að minni sundkennslu fyrir grunnskólanemendur. Ísland hefur í áratugi verið í fararbroddi í sundkennslu á norðurlöndunum, enda hafa drukknanir verið mun fátíðari hér á landi en á hinum norðurlöndunum.

Fundargerð 11. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 17. febrúar 2016

Stjórn SSÍ skorar á fræðsluyfirvöld í landinu að skera upp herör gegn þeirri þróun sem við blasir og koma sundkennslu á Íslandi í viðunandi horf.

Samþykkt. Ályktunin verður send öllum sveitarstjórnnum á Íslandi og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

- b. Hvernig getur SSÍ komið að málum

Formanni falið að mótmæla færri sundkennslutímum í sundi í grunnskólum Reykjavíkur. Einnig er formanni falið að senda Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur tillögu sem miðar að því að grunnskólanemendur í Reykjavík fái þær kennslustundir í sundlaug eins og gert er ráð fyrir í viðmiðunarstundarskrá sem fylgir aðalnámskrá. Hann skal leita samstarfs við sundfélög og –deildir í Reykjavík

8. Formannafundur SSÍ

- a. Verður haldinn laugardaginn 23. apríl 2016 kl. 19:00. (að loknum úrslitahluta ÍM50)
- b. Fundurinn verður haldinn á Café Easy í Laugardal
- c. Dagskrá verður gefin út síðar

9. ÍM50 22.-24. apríl 2016

- a. Framkvæmd mótsins er á höndum SSÍ í Laugardalslaug
- b. Greinarröðun verður hin sama og áður
- c. Heimasíða mótsins verður sett upp fljótlega
- d. Veitingasala verður í höndum þriggja Reykjavíkurlíða (Ármann, Fjöltnir og KR). Sundfélagið Ægir sótti einnig um að hafa söluna en varpað var hlutkesti.

10. Alþjóðleg samskipti

- a. FINA
- b. LEN
- c. NSF

Formaður gerði stutta grein fyrir stöðu mála í alþjóðlegum samskiptum SSÍ

11. RIG 2016 og 2017

- a. Uppgjör RIG 2016
- b. Hugmyndir um RIG 2017

Frestað

12. Fræðslumál – þjálfaranámskeið

- a. Ingibjörg Kr og Bjarney gerðu grein fyrir stöðu mála
 - i. Óljóst er hvernig staða þjálfaramenntunar í sundi er
 - ii. Send hefur verið út könnun til félaga um stöðu félagsþjálfara
 - iii. Ingi Þór Ágústsson hefur farið og sinnt fræðslu fyrir félög úti á landi
- b. Þjálfaranámskeið verður haldið þegar ljóst er hvað kemur út úr könnuninni
- c. Landsliðsþjálfari er í tengslum við einstaklings sem gerir tæknigreiningu á sundfólki. Nefndin hefur áhuga á að komast í samband við viðkomandi og vill halda fræðslu fyrir þjálfara með honum.
- d. Einnig er möguleiki að fá Ragnar Guðmundsson til að kynna tæknigreiningu fyrir íslenskum þjálfurum

Fundargerð 11. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 17. febrúar 2016

13. Önnur mál

- a. Lóa Birna Birgisdóttir hefur óskað eftir leyfi frá stjórnarstörfum um óákveðinn tíma af persónulegum ástæðum. Stjórn óskar LBB alls góðs og nýr gjaldkeri verður skipaður á næsta fundi stjórnar.
- b. Dómaraskóli FINA verður haldinn 9.-10.apríl 2016. Tveir fyrirlesarar koma frá FINA og er skólinn ætlaður öllum sunddómurum og dómaranemum.
- c. Val á sundfólki ársins 2016 – tillaga

Formaður óskar eftir frestun á þessum lið

- d. Úthlutun úr Afrekssjóði

Varaformaður og framkvæmdastjóri gera grein fyrir úthlutun til SSÍ úr Afrekssjóði og fundum með þeim sem eiga að njóta styrkjanna. Allar skýrslur frá síðasta ári hafa verið sendar ÍSÍ. Töluverð breyting er á úthlutun styrkja að þessu sinni og mikilvægt að vel takist til við útfærslu.

Fundi slitið kl. 20:07